



Hagvöxtur í fyrra 4,9% - merki minnkandi umsvifa framundan

Hagvöxtur á fjórða ársfjórðungi síðasta árs mældist 5,2% borið saman við sama tímabil árið áður samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þetta var umtalsvert meiri vöxtur en á þriðja fjórðungi þegar hann mældist 2,5% en ívið minni en á fyrsta og öðrum fjórðungi þegar hann mældist á bilinu 5,8-6,5%. Hagvöxtur yfir árið í heild mældist 4,9% og var það meiri vöxtur en árið 2017 þegar hann mældist 4,6% en minni vöxtur en árið 2016 þegar hann mældist 6,6%.

Talsvert meiri vöxtur en vænst var


Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að hagvöxtur í fyrra hafi verið meiri en spár allra opinberra spáaðila¹. Þeir spáðu að meðaltali 4,1%. Arion banki var með hæstu spánna, 4,6% en Íslandsbanki og AGS með lægstu spánna, 3,7%. Við spáðum 3,9% hagvexti. Þrátt fyrir að hagvaxtartalan sé nokkuð há og bendi til kröftugs vaxtar sýna tölurnar samt sem áður að hægst hefur á vexti eftirspurnar. Þetta sést glögglega á þróun í einkaneyslu, fjármunamyndun, útflutningi og innflutningi.

Vöxtur einkaneyslu ekki minni síðan árið 2014


Vöxtur einkaneyslu nam 3,3% á fjórða ársfjórðungi og hefur vöxturinn ekki verið jafn lítill síðan á þriðja ársfjórðungi 2014 eða rúm 4 ár. Hagstofan hefur endurskoðað tölur fyrir einkaneyslu á fyrstu þremur fjórðungum ársins og metur það svo að vöxtur einkaneyslu á því tímabili hafi verið 5,3% en í síðasta mati Hagstofunnar hafði hún gert ráð fyrir 5,4% vexti.

Vöxtur atvinnuvegafjárfestingar dregst saman annan fjórðunginn í röð


Vöxtur fjármunamyndunar var 8% og var hann borinn af íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins



Ársfjórðungsleg gögn. Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Ársfjórðungsleg gögn. Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Ársfjórðungsleg gögn. Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands

¹ Rétt er að hafa í huga að hér er um bráðabirgðatölur að ræða sem oft taka miklum breytingum þegar frá líður. Til marks um það endurreiknaði Hagstofan í dag hagvaxtartölur fyrir árið 2017 úr 4,0% í 4,6%. Hagvöxturinn árið 2016 var færður niður um 0,8 prósentustig, úr 7,4% í 6,6% og hagvöxtur árið 2015 var hækkaður úr 4,5% í 4,7%.




opinbera. Framlag íbúðafjárfestingar var þó ögn meira en hún jókst um 9,4% en fjárfesting hins opinbera jókst um 85,1%. Mikill vöxtur opinberrar fjárfestingar skýrist m.a. af afhendingu Hvalfjarðarganga frá einkahlutafélaginu Speli til ríkisins. Áhrif á heildarfjárfestingu eru engin þar sem það sem kemur til aukningar í fjárfestingu hins opinbera kemur til frádráttar í fjárfestingu atvinnuvega. Atvinnuvegafjárfesting dróst saman annan fjórðunginn í röð. Samdrátturinn nam 7,9% á fjórða ársfjórðungi borið saman við 15,2% á þriðja ársfjórðungi. Yfir árið í heild dróst atvinnuvegafjárfesting saman um 4,1% og er það fyrsti samdráttur atvinnuvegafjárfestingar síðan árið 2013 þegar samdrátturinn nam 2%.

Þjónustuútflutningur ekki dregist jafn mikið saman síðan 2008


Útflutningur dróst saman um 5,9% á fjórða fjórðungi og er þetta mesti samdrátturinn síðan á fyrsta fjórðungi 2010. Samdrátturinn í útflutningi skýrist einungis af samdrætti í þjónustuútflutningi en vöruútflutningur jókst lítillega eða um 0,3%. Þjónustuútflutningur lækkaði um 11,4% og var þetta mesti samdráttur þjónustuútflutnings síðan á fjórða ársfjórðungi 2008. Samdrátturinn í þjónustuútflutningi skýrist fyrst og fremst af samdrætti í tekjum af hugverkaréttindum en tekjurnar voru óvenjumiklar á fjórða ársfjórðungi árið 2017.

Minnsti vöxtur útflutnings síðan 2010


Yfir árið í heild jókst útflutningur um 1,6% sem er minnsti vöxtur útflutnings síðan árið 2010 þegar hann nam 1%. Vöxturinn hefur farið minnkandi á síðustu árum og skýrist það langmest af minnkandi vexti þjónustuútflutnings en hægt hefur verulega á vexti ferðaþjónustunnar á síðustu misserum. Vöxtur þjónustuútflutnings var einungis 0,1% á síðasta ári og hefur ekki verið minni síðan árið 2008. Vöxtur vöruútflutnings nam 3,5% sem er ívið meiri vöxtur en árið 2017. Vöxtinn má rekja að töluvert miklu leyti til aukins útflutnings sjávarafurða vegna meiri veiða sem skýrist af minni veiðum árið 2017 vegna sjómannaverkfallsins.



Ársfjórðungsleg gögn. Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Ársfjórðungsleg gögn. Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Ársfjórðungsleg gögn. Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Vöruinnflutningur dregist saman þrjá fjórðunga í röð

Vöxtur innflutnings dróst saman um 6% á fjórða ársfjórðungi og hefur ekki verið jafn mikill samdráttur síðan á fjórða ársfjórðungi 2012. Vöxtur vöruinnflutnings var að dragast saman þriðja ársfjórðunginn í röð og er það skýrt merki þess að eftirspurnin í hagkerfinu er á undanhaldi. Vöxtur þjónustuinnflutnings dróst einnig saman eða um 0,1% og þarf að fara aftur til þriðja ársfjórðungs 2013 til að finna minni vöxt. Vöxtur innflutnings yfir árið í heild nam 0,1% og fara þarf aftur til ársins 2013 til að finna jafnlítinn vöxt.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.